



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Alþjóðleg ættleiðing
Börn með skilgreindar sérþarfir

Natalie Rut Don

Steinunn Hrafnadóttir
Maí 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Alþjóleg ættleiðing
Börn með sérþarfir

Natalie Rut Don
311090-2679

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnadóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2014

Alþjóðleg ættleiðing

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Natalie Rut Don, 2014

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2014

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um fyrirbyggjandi fræðilega þekkingu á ættleiðingum á börnum með skilgreindar sérþarfir. Leitast er við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: *Hvaða ástæður liggja að baki ættleiðinga á börnum með skilgreindar sérþarfir og hvaða undirbúningur er mikilvægur?*

Gerð er grein fyrir því hvaða börn flokkast undir það að vera með sérþarfir í ættleiðingum og hvers vegna þau eru talin vera með sérþarfir. Einnig verður fjallað um hvaða áhrif ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir hafa á fjölskylduna og hvaða undirbúningur er í boði fyrir hana. Að lokum er rætt um ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir hér á landi.

Meginniðurstöður ritgerðarinnar eru þær að börn sem eru skilgreind með sérþarfir í ættleiðingum geta átt við andleg, líkamleg og/eða tilfinningaleg vandamál að stríða. Ástæðan fyrir því að börn falla undir það að vera með sérþarfir í ættleiðingum er sú að þau kljást við einhvers konar hindranir. Dæmi um hindranir eru börn sem eru eldri, börn sem eru með skarð í vör og börn sem eru með hjartagalla. Þetta getur valdið því að erfiðara er að finna kjörfjölskyldu fyrir barn með skilgreindar sérþarfir en fyrir barn sem talið er vera heilbrigt. Erfiðara getur reynst að aðlaga barn með skilgreindar sérþarfir að kjörfjölskyldunni og kjörfjölskylduna að barninu. Þetta fer þó það að miklu leyti eftir því hverjar sérþarfir barnsins eru. Það getur því verið gott fyrir kjörfjölskyldu að fá utanaðkomandi aðstoð fyrir, á meðan og eftir að ættleiðing hefur átt sér stað.

Efnisorð: Ættleiðing, ættleiðing á börnum með skilgreindar sérþarfir, utanaðkomandi aðstoð, kjörforeldrar, systkini.

Formáli

Þessi 12 eininga ritgerð er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, dr. Steinunni Hrafnisdóttur dósent, fyrir ánægjulegt samstarf og góða ráðgjöf við skrif ritgerðarinnar. Einnig vil ég þakka nánustu fjölskyldu minni fyrir mikla þolimæði, stuðning og hvatningu

Töfluskrá:

Tafla 1. Fjöldi ættleiddra barna með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar 2007-2013

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Töfluskrá:	6
Inngangur	8
1. Ættleiðing	11
1.2 1.1 Skilgreiningar	11
1.3 1.2 Ættleiðing á börnum	12
1.4 Söguleg þróun.....	13
2. Börn á sérþarfalista.....	15
2.1 Fötlun	15
2.2 Eldri börn	16
2.3 Systkinahópar.....	17
2.4 Börn í áhættuhóp (at-risk children)	17
2.5 Kynþáttur og kyn	18
3. Undirbúningur og áhrif	19
3.1 Undirbúningur fyrir ættleiðingu á barni með skilgreindar sérþarfir	19
3.2 Systkini kjörbarna með skilgreindar sérþarfir	20
3.3 Hlutverk félagsráðgjafa	21
4. Alþjóðlegar ættleiðingar á Íslandi	23
4.1 Fjöldi ættleiddra barna	23
4.1.2 Börn með sérþarfir	24
4.2 Lagaumhverfi ættleiðinga á Íslandi	25
4.3 Ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir frá Kína	27
4.4 Námskeið og stuðningur hér á landi	30
Umræða	31
Lokaorð	32
Heimildaskrá	35

Inngangur

Ættleiðingar eiga sér langa sögu og má rekja þær alveg aftur til upphafs mannkyns. Þær áttu sér stað hjá Gyðingum og Rómverjum til forna. Tilgangur ættleiðinga hefur þó ekki alltaf verið sá sami. Í sumum fornum menningarheimum var tilgangur ættleiðinga, og þá helst ættleiðinga á strákum eða ungum mönnum, að vernda arf, varðveita stöðu fjölskyldunnar og varðveita fjölskyldunafnið (Miller, 2005).

Í dag eru ættleidd um 260.000 börn um allan heim á hverju ári eða 12 börn af hverjum 100.000. Helmingur þessara kjörbarna eru ættleidd í Bandaríkjunum. Næstflestar ættleiðingar eiga sér stað í Kína eða um 46.000 börn og síðan er Rússland með um 23.000 ættleidd börn á ári. Yfir 160 lönd hafa viðurkennt ættleiðingu barna með lögformlegum hætti en um 20 lönd hafa ekki gert það. Í þeim löndum sem hafa ekki samþykkt ættleiðingar með lögformlegum hætti eru börn yfirleitt sett í umönnun til ættingja ef blóðforeldrar geta ekki séð um þau (United Nations, 2010).

Stór hluti ættleiddra barna í dag er með skilgreindar sérþarfir. Það var ekki fyrr en um 1960-1970 sem byrjað var að huga að ættleiðingu á börnum með skilgreindar sérþarfir. Helstu ástæður fyrir því voru þær að á þessum tíma var orðið auðveldara að nálgast getnaðarvarnir og fá leyfi fyrir fóstureyðingu. Þetta varð til þess að færri ungabörn voru gefin til ættleiðingar og því var framboðið á ungum börnum til að ættleiða mun minna en eftirspurnin. Biðlistar lengdust mikið fyrir foreldra í ættleiðingarhugleiðingum. Þá var farið að huga að því hvort ættleiða mætti einhver af öllum þeim börnum með skilgreindar sérþarfir sem voru inni á stofnunum og höfðu verið talin óættleiðingarhæf fram að þeim tíma (Smith og Howard, 1999).

Börn sem falla undir það að vera með skilgreindar sérþarfir í ættleiðingum eru börn með líkamleg, andleg og/eða tilfinningaleg vandamál, eldri börn, börn sem eru samþykkt sem hluti af systkinahóp, börn sem eru talin í áhættuhóp og börn sem eru úr minnihlutahópum (Smith, 2010).

Í ritgerðinni verður leitast eftir því að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

Hvaða ástæður liggja að baki ættleiðinga á börnum með skilgreindar sérþarfir og hvaða undirbúningur er mikilvægur?

Til þess að nálgast svarið við rannsóknarspurningunni verður fyrst leitað svara við eftirfarandi undirspurningum: Hvernig eru ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir og hverjar eru sérþarfir barnanna? Hver er fjöldi ættleiðinga á börnum með

skilgreindar sérþarfir hér á landi? Hvernig er umsóknaferlið í slíkum tilvikum og hvernig er undirbúningi umsókna háttað? Hvaða áhrif hefur það á fjölskylduna að ættleiða barn með sérþarfir?

Áhugi minn á rannsóknarefninu kviknaði þegar ég horfði á heimildamynd um alþjóðlegar ættleiðingar fyrir nokkrum árum. Frá þeim tíma hef ég lesið mér töluvert til um ættleiðingar.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á ættleiðingum, bæði á ættleiðingum innan ákveðins lands og á milli landa. Töluvert færri rannsóknir hafa verið gerðar á ættleiddum börnum með skilgreindar sérþarfir. Margar af þeim rannsóknum voru gerðar á síðari hluta 20. aldar. Nokkrar áhugaverðar rannsóknir hafa verið gerðar núna síðastliðin ár, flestar í Bandaríkjunum. Hér á landi hefur verið mjög lítið fjallað um ættleiðingu á börnum með skilgreindar sérþarfir. Engar opinberar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu efni hér á landi og því eru þær tölulegu upplýsingar sem hér koma fram fengnar í samtali við Kristinn Ingvarsson (munnleg heimild, 19. Mars 2013), framkvæmdastjóra Íslenskrar ættleiðingar. Tenging höfundar við ættleiðingar er lítil. Hvorki höfundur né einhverjir nánir honum hafa verið í ættleiðingarhugleiðingum eða hafa ættleitt. Höfundur er því hlutlaus aðili gagnvart viðfangsefninu ættleiðing og ætti því að geta aflað upplýsinga á sem hlutlausastan hátt.

Hér á eftir verður byrjað á því að fjalla um ættleiðingu almennt og upphaf ættleiðingar. Því næst verður fjallað um af hverju börn eru skilgreind með sérþarfir í ættleiðingum og algenga skiptingu á sérþörfum í flokka. Hver flokkur fyrir sig verður svo borinn saman við niðurstöður rannsóknar á upplifun kjörbarns og kjörforeldra á ættleiðingarferlinu og aðlögun eftir ættleiðinguna. Þar á eftir verður fjallað um mikilvægi góðs undirbúnings fyrir ættleiðingu á börnum með skilgreindar sérþarfir. Einnig verður fjallað um ættleiðingu á börnum með skilgreindar sérþarfir hér á landi. Borinn verður saman fjöldi ættleiðinga almennt hér á landi við fjölda ættleiðinga á börnum með sérþarfir hér á landi. Lögín um sérþarfaættleiðingar verða skoðuð. Að lokum verður fjallað um samstarf Íslands og Kína vegna sérþarfaættleiðinga hingað til lands og um þann undirbúning sem krafist er vegna ættleiðinga hér á landi.

Við gerð ritgerðarinnar var stuðst við ritrýndar vísindagreinar, bækur, lög, skýrslur, veraldarvefinn og munnlegar heimildir frá Kristni Ingvarssyni, framkvæmdastjóra Íslenskrar ættleiðingar.

1. Ættleiðing

Í dag er ættleiðing einn af mörgum möguleikum til að stofna fjölskyldu eða stækka fjölskylduna. Rannsóknir seinni ára hafa sýnt að besta úrræðið fyrir munaðarlaus börn, eða börn sem geta ekki búið hjá foreldrum sínum eða fjölskyldu er ættleiðing þeirra til kjörfjölskyldu sem getur veitt þeim góða umönnun og hlýju (Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010). Hér á eftir verður fjallað nánar um ættleiðingar og helstu skilgreiningar um þær. Fjallað verður um upphaf ættleiðinga og hvernig staða barna er áður en þau eru ættleidd.

1.2 1.1 Skilgreiningar

Ýmsar skilgreiningar eru á hugtakinu ættleiðing og skilgreindum sérþörfum. Hugtakið ættleiðing hefur þróast í gegnum árin eftir lögum, menningu og siðfræði (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Ein leiðin til að skilgreina hugtakið ættleiðing er að það teljist ættleiðing þegar öll lagaleg réttindi foreldra um umönnun barns eru færð af ráðuneyti yfir á nýja foreldra, þ.e.a.s. kjörforeldra (Burge og Jamieson, 2009).

Samkvæmt 3. gr. í lögum um ættleiðingar er hægt að ættleiða bæði fullorðna og börn hér á landi (Lög um ættleiðingar, nr. 130/1999). Ættleiðingar eiga alltaf að vera verndarúrræði fyrir börnin og velferð barna þarf alltaf að hafa í fyrirrúmi.

Kjörbarn og kjörfjölskylda eru algeng hugtök í ættleiðingum. Kjörbarn á við þegar um er að ræða barn sem er ættleitt og kjörforeldri á við foreldri sem hefur ættleitt barn (Hrefna Friðriksdóttir, 2011)

Hér á landi tíðkast að skipta ættleiðingum í tvo meginflokka; stjúpættleiðingu og frumættleiðingu.

Stjúpættleiðing á sér stað þegar stjúpforeldri ættleiðir barn eða kjörbarn maka síns. Við þetta verða lagalegar breytingar. Á milli stjúpforeldrisins og stjúpbarnsins myndast ný lagaleg tengsl en öll lagaleg tengsl eru rofin á milli barnsins og hins blóðforeldris þess (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Frumættleiðing á svo við þegar barn er ættleitt en er hvorki barn eða kjörbarn þeirra sem ættleiða það. Við þetta er barn ættleitt til nýrrar fjölskyldu og öll lagaleg tengsl við blóðforeldra rofna. Frumættleiðing getur bæði átt sér stað innan ákveðins lands og á milli landa (Reglugerð um ættleiðingar, nr. 238/2005).

Þegar ættleiðing á milli landa á sér stað er ættleiðingin yfirleitt nefnd alþjóðleg ættleiðing. Alþjóðleg ættleiðing á við þegar væntanlegir kjörforeldrar búa í öðru landi en væntanlegt kjörbarn (United Nations, 2010).

Börn sem falla undir þá skilgreiningu að vera með sérþarfir í ættleiðingu eru börn sem stríða við meiri vandamál en önnur börn sem gefin eru til ættleiðingar. Vandamálin sem þau kljást við geta verið mörg og mismunandi alvarleg. Sum börnin eiga við erfið vandamál að stríða en hjá öðrum eru þau léttvægari. Það sem veldur því að börn eru skilgreind með sérþarfir í ættleiðingum er því það að þau eru talin glíma við vandamál sem eru frábrugðin því sem er algengast. Sérþarfinar geta verið vegna fötlunar, vegna þess að um eldri börn er að ræða, vegna þess að um systkinahóp er að ræða og fleira. Nánar verður fjallað um þetta í þriðja kafla (Burge og Jamieson, 2009).

1.3 1.2 Ættleiðing á börnum

Almennt er talið að best sé fyrir börn að alast upp hjá kynforeldrum sínum og kynfjölskyldu sinni. Ef sá möguleiki er ekki fyrir hendi er talið að næstbest sé að reyna að tryggja gott heimili fyrir barnið í heimalandi þess. Talið er að gott sé fyrir börn að halda tengslum við uppruna sinn og menningu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Mikilvægast fyrir velferð barna er þó að þau alist upp hjá fjölskyldu sem veitir þeim mikla hlýju og umhyggju (Pati, 2007). Þess vegna er frekar reynt að finna fjölskyldu fyrir börn heldur en að þau alist upp á stofnunum. Oft er því leitað til annarra landa en upprunalslands barns til að finna fjölskyldu fyrir barnið ef ekki finnst fjölskylda fyrir það í heimalandi þess. Börn eru frekar sett í fóstur eða gefin til ættleiðingar en að láta þau alast upp á stofnun (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Þessi stefna er að mörgu leyti undirstaða þess sem felst í Haag-samningnum. Haag-samningurinn á fyrst og fremst að vernda hagsmuni barna sem ættleidd eru á milli landa og koma í veg fyrir sölu og brottmál barna. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 1993 og í dag eru um 78 ríki aðilar að honum (Innanríkisráðneytið, 2009).

Tíminn sem ættleiðingarferlið tekur hefur sífellt verið að lengjast og börnin þurfa að vera lengur inni á stofnunum, áður en að leyfi fæst til að ættleiða þau lagalega úr heimalandi sínu. Talið er að ein af helstu ástæðum þess sé sú að æ fleiri lönd gerast aðilar að Haag-samningnum. Meiri vinna og lengri tími er lagður í það að finna

kjörforeldra fyrir hvert einasta barn. Því má gera ráð fyrir því að alþjóðlegar ættleiðingar hér á landi taki um 3-4 ár. Lengd biðtímans ræðst verulega af upprunalandi barnsins (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

Margar ástæður eru fyrir því að börn eru gefin til ættleiðingar. Oft gefa ungar einstæðar konur í þróunarríkjum barn sitt til ættleiðingar, því það þykir mikil skömm að eignast barn utan hjónabands í þeim löndum. Stundum eru það veikindi eða dauðsföll sem valda því að foreldrar geta ekki hugsað um barnið sitt og svo getur það líka verið vegna fátæktar (Pati, 2007).

Mörg börn hafa verið gefin til ættleiðinga í Kína á síðustu árum, einkum vegna þess að kínversk yfirvöld settu lög um bann við því að fleiri en eitt barn væri í hverri fjölskyldu árið 1979 (one child policy). Ástæðan var fólksfjölgun og félagsleg og efnahagsleg vandamál í kjölfarið, eins og fátækt og hungursneyð (Ebenstein, 2010). Ef þessum lögum var ekki fylgt var foreldrum refsað með hárrí sekt eða að með því taka af þeim eignir. Margar fjölskyldur höfðu því ekki efni á því að eignast fleiri en eitt barn. Þetta varð til þess að margir foreldrar yfirgáfu börn sín við fæðingu og þá sérstaklega stúlkubörn, þar sem strákar eru taldir meira virði í menningu Kínverja (Miller og Hendrie, 2000). Undanfarin ár hafa alþjóðlegar ættleiðingum á börnum með skilgreindar sérþarfir aukist töluvert (Kreider og Cohen, 2009).

Eftir að börn eru gefin til ættleiðingar eru þau á ábyrgð stjórnvalda í upprunalandi sínu. Það er því í höndum stjórnvalda þar, hvaða kröfur væntanlegir kjörforeldrar þurfa að uppfylla. Ættleiðingarfélögum ber að fylgja þeim kröfum sem viðkomandi land setur (Íslensk ættleiðing, e.d.a). Það þarf bæði að fara eftir þeim lögum sem gilda í því landi sem barn er ættleitt frá og lögum í því landi sem barn er ættleitt til (Brown, 2009).

1.4 Söguleg þróun

Ættleiðing á sér jafnlanga sögu og saga mannkyns. Hún hefur alltaf verið til staðar að einhverju leyti (Miller, 2005). Rómverjar til forna voru fyrstir til að setja lög um ættleiðingar (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Á miðöldum lagðist ættleiðing niður vegna andstöðu kirkjunnar. Það var talið óviðeigandi að hjón gætu orðið kjörforeldrar

barns sem var ekki getið af þeim. Einnig þótti óviðeigandi að blóðforeldrar gæfu öðrum einstaklingum vald yfir barni sínu (Símon J. Ágústsson, 1964).

Ættleiðing á svipaðan máta og þekkist í dag má rekja til ársins 1950 og ruddi sér fyrst almennt til rúms í Bandaríkjunum. Á þessum tíma varð mikil aukning á ættleiðingum þar í landi en þá var eftirfylgnin með henni mjög takmörkuð. Ekki var skoðað á þessum tíma hvort að kjörforeldrar væru uppeldishæfir og hvort að hagur barnsins væri í fyrirrúmi. Þegar ljóst varð að þessi aðferð væri ekki nógu góð, byrjuðu að rísa upp félög sem sáu um milligöngu í ættleiðingum. Bandaríkin voru þar fremst á meðal jafningja. Þessi félög sáu til þess að óhæfir kjörforeldrar fengu ekki að ættleiða börn, ásamt því sem þau töluðu við móðurina og gáfu henni leiðbeiningar áður en hún gaf barn sitt til ættleiðingar. Megintilgangur ættleiðingar í dag er að veita munaðarlausum börnum og börnum sem geta ekki búið hjá foreldrum sínum eða fjölskyldu góða kjörforeldra sem ganga þeim í móður- og föðurstað og á hagur barna ávallt að vera fyrirrúmi. Ættleiðingar eru löglegar í 173 löndum af 193 löndum heims í dag. Ættleiðingar eru löglegar í flestum löndum Evrópu og í flestum öðrum siðmenntuðum löndum (Símon J. Ágústsson, 1964; United Nations, 2010).

Fyrir um 50 árum kom upp sú umræða að reyna að koma börnum með skilgreindar sérþarfir fyrir inni á heimilum í stað stofnana. Einungis hafði þekkt ættleiðing á börnum sem ekki voru með skilgreindar sérþarfir. Um 1960-1970, þegar eftirspurn eftir ættleiðingum varð meiri og dró úr þeim fjölda barna sem gefin voru til ættleiðingar, voru þúsundir barna með skilgreindar sérþarfir inni á stofnunum. Þetta varð til þess að byrjað var að ættleiða börn með skilgreindar sérþarfir. Þar áður hafði verið litið framhjá ættleiðingum á börnum með skilgreindar sérþarfir, bæði af þeim sem sóttust eftir því að ættleiða börn og starfsmönnum stofnana. Þau höfðu verið talin „óættleiðingarhæf“ (Babb og Laws, 1997).

Með breytingum í hugmyndafræði ættleiðinga og minni möguleikum á ættleiðingum á ungum og heilbrigðum börnum, fóru ættleiðingar á börnum með sérþarfir að aukast (Laraine, 2000). Ein af ástæðunum fyrir því að færri ung heilbrigð börn voru gefin til ættleiðingar um 1960-1970 var sú að auðveldara var orðið að nálgast getnaðarvarnir og fá leyfi fyrir fóstureyðingum á þessum tíma (Flynn og Wright, 2006).

2. Börn á sérþarfallista

Börn sem eru sett á sérþarfallista fyrir ættleiðingar eru börn sem erfiðara er að finna fjölskyldur fyrir út af einhverjum erfiðleikum sem þau glíma við (Smith og Howard, 1999). Dæmi um erfiðleika sem börn með skilgreindar sérþarfir kljást við eru þunglyndi, hegðunarvandamál, geðklofi, geðhvarfasýki, vöntun á útlimum, meðfædd heilalömun, fósturskaði og margt fleira (Molinari o.fl., 2006).

Skipta má sérþörfum þessara barna í nokkra flokka. Má þar meðal annars nefna börn með líkamlega, andlega og/eða tilfinningalega fötlun, eldri börn, börn sem eru samþykkt sem hluti af systkinahóp, börn sem eru talin í áhættuhóp og börn sem eru úr minnihlutahópum. Barn með sérþarfir getur verið með vandamál í einum eða fleirum þessara flokka. Vandamál barnsins geta verið frá því að vera mjög væg yfir í það að vera mjög alvarleg. Vandamálin geta líka verið varanleg, tímabundin eða læknanleg (Leung, Erich og Kanenberg, 2005). Næst verður fjallað um nokkrar helstu sérþarfir barna sem eru ættleidd.

2.1 Fötlun

Þegar börn eru talin vera með fötlun er yfirleitt átt við börn sem eru faglega greind með frávík sem leiða af sér einhverjar takmarkanir í lífi barns (Burge og Jamieson, 2009). Það geta verið mismunandi alvarleg andleg, líkamleg og tilfinningaleg vandamál. Andleg fötlun getur verið seinþroski, andlegur vanþroski og erfiðleikar með lærdóm. Líkamleg fötlun á við um fæðingargalla, líkamlegar takmarkanir, sjúkdóma og afleiðingar sjúkdóma og slysa (Babb og Laws, 1997).

Margar rannsóknir sem gerðar hafa verið á ættleiðingu á börnum með fötlun hafa sýnt að fjölskyldur eru almennt ánægðar með niðurstöður ættleiðingarinnar (Smith og Howard, 1999). Algengustu fatlanir hjá börnum sem eru ættleidd af sérþarfallistum *The China Center for Adoption Affairs* (CCAA) eru skarð í vör og /eða góm, hjartagallar, líkamshluta vantar, aukafingur eða tær, heyrnaskerðing eða heyrnaleysi, klumbufótur, hreyfihömlun og að vera albínói (Íslensk ættleiðing, 2006).

2. 2 Eldri börn

Þegar barn er talið vera með skilgreindar sérþarfir vegna aldurs er aldursviðmiðið mismunandi eftir löndum. Í Bandaríkjunum er það einnig mismunandi eftir ríkjum. Í einu ríki eru börn yfir tveggja ára aldri af afrískum uppruna talin vera með sérþarfir en almennt er miðað við þriggja ára aldur. Ástæðan fyrir því að eldri börn eru flokkuð undir það að vera með sérþarfir er sú að erfiðara er að aðlaga börn að fjölskyldu eftir því sem þau eru eldri. Eldri börn hafa oft upplifað meira af erfiðum aðstæðum sem þau muna eftir en þau yngri. Þau eru tengdari fyrri aðstæðum en yngri börn og upplifa því sterkar slit á tengslum við ættleiðingu og það getur skapað ýmis vandamál (Hrefna Friðriksdóttir, 2011; Molinari o.fl., 2006).

Stór hluti af eldri börnum sem eru ættleidd hafa upplifað, ofbeldi af einhverjum toga. Það getur verið kynferðislegt, andlegt og/eða líkamlegt eða það að grunnþarfir þeirra hafi verið vanræktar. Mörg þessara barna glíma við ýmis klínísk vandamál, eins og sorg, missi, sektarkennd, hegðunarvandamál, tengslavandamál, þunglyndi og áfallaröskun (Cohen og Farnia, 2011).

Í rannsókn sem gerð var hér á landi var skoðað hvort að tengsl væru á milli geðrænna vandamála og áhættuþátta sem börn geta upplifað fyrir ættleiðingu. Rannsóknin leiddi í ljós að börn sem eru ættleidd eftir 18 mánaða aldur eru líklegri til að þróa með sér tilfinninga- og hegðunarvandamál heldur en börn sem eru ættleidd fyrir 12 mánaða aldur. Einnig eru börn sem hafa verið á stofnun í 18 mánuði eða meira líklegri til að þróa með sér ofvirkni, auk hegðunar- og tilfinningavandamála, eins og áður var minnst á (Málfríður Lorange o.fl., 2012).

Niðurstöður eigindlegar rannsóknar sem gerð var í Louisiana í Bandaríkjunum á 11 fjölskyldum sem höfðu ættleitt eldra barn eða börn í fjölskylduna, sýndu að vel hefði tekist til við að tengja barnið inn í fjölskylduna. Allar fjölskyldurnar voru sammála um að það að vera foreldri, það er að segja að ala börnin upp, kenna þeim og vernda þau, væri það mikilvægasta og hjálpaði þeim að mynda tengsl við kjörbörnin. Það er ekki talið að það sé einhver ein leið réttari en önnur til að vera kjörforeldri, en rannsóknin sýndi að það skipti máli að kjörforeldrarnir hefðu góðan tíma fyrir kjörbörnin. Því meiri tíma, þátttöku, vilja, og sveigjanleika kjörforeldrar höfðu fyrir börnin, því betur gengu fyrstu mánuðir ættleiðingarinnar fyrir sig (Clark, Thigpen og Amy, 2006).

2.3 Systkinahópar

Systkinahópur eru hópur systkina eða hálsystkina sem eru ættleidd saman til einnar fjölskyldu vegna fyrirmæla stjórnvalda í því landi sem börnin eru gefin til ættleiðinga. Ef einungis er um tvö systkini að ræða til ættleiðingar er það nefnt lítill systkinahópur. Um leið og þau eru orðin þrjú eða fleiri er það nefnt stór systkinahópur. Ættleiðing systkina getur haft í för með sér meira álag á kjörforeldrana. Þegar börnin eru fleiri getur orðið um afbrýðissemi og öfundsýki að ræða á milli þeirra í ættleiðingarferlinu og á meðan á aðlögun stendur. Systkinin hafa yfirleitt ekki upplifað mikla ást fyrir ættleiðingu og því reyna þau að keppast um hana. Einnig magnast allir áhættuþættir ættleiðingar. Það er þó gott fyrir systkinin að hafa hvort/hvert annað og hafa einhvern með sama uppruna í fjölskyldunni (Babb og Laws, 1997; Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

Mismunandi niðurstöður hafa komið úr rannsóknum sem hafa skoðað velgengi ættleiðingar á systkinum. Í sumum rannsóknum hafa niðurstöður gefið til kynna að velgengi ættleiðinga sé minni á meðal kjörfjölskyldna þegar systkini eru ættleidd saman. Aðrar rannsóknir hafa gefið til kynna að meiri velgengi sé innan fjölskyldna sem hafa ættleitt systkini en þegar kjörforeldrar hafa ættleitt eitt barn (Schweiger og O'Brien, 2005).

2.4 Börn í áhættuhóp (at-risk children)

Barn í áhættuhóp er barn sem er heilbrigt við ættleiðingu en er í hættu á að þróa með sér tilfinninga-, hegðunar- eða líkamleg vandamál í komandi framtíð. Þetta eru oft á tíðum börn sem hafa upplifað eða orðið vitni að vímuefnaneyslu og/eða ofbeldi eða orðið fyrir ofbeldi og/eða vanrækslu. Börn sem hafa upplifað fyrirnefnda þætti eru líklegri til að þróa með sér vandamál við ættleiðingu. Þau eiga oft erfiðara með að ná tengingu við kjörforeldra sína og því verða oft meiri erfiðleikar innan kjörfjölskyldna þegar börn eru ættleidd með þessi vandamál. Talið er að þessi börn séu með mest krefjandi sérþarfirnar við ættleiðingu (Egbert og Lamont, 2004).

Niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Bandaríkjunum benda til þess að best sé að reyna að takast á við vandamálin um leið og kjörbarnið kemur inn á heimilið, svo hægt sé að mynda jákvætt samband á milli kjörforeldris og kjörbarns. Börn sem eru í hættu á að fá geðsjúkdóma eða einhvers konar líkamlega fötlun vegna erfða eru einnig sett í þennan flokk (Babb of Laws, 1997).

2.5 Kynþáttur og kyn

Sumar ættleiðingarstofur líta á það sem sérþarfir að barn sé af kynþætti sem er í minnihluta en flestar ættleiðingarstofur gera það þó ekki (Babb og Laws, 1997). Þetta á ekki við hér á landi þar sem flest börn sem eru ættleidd erlendis frá hingað til lands eru af öðrum kynþætti. Þau eru ekki flokkuð undir það að vera með sérþarfir hér á landi.

Ástæðan fyrir því að börn af öðrum kynþætti eru stundum flokkuð sem börn með sérþarfir í ættleiðingum er sú að börn sem eru ættleidd inn í fjölskyldur af öðrum kynþætti eða frá öðru þjóðerni upplifa frekar vandamál með sjálfsálit. Þau þurfa að venjast því að vera alin upp hjá foreldrum sem eru ekki eins í útliti og þau sjálf. Einnig er talað um að þetta dragi úr því að kjörbarn hafi tengingu við uppruna sinn. Svo er einnig oft talað um að foreldrar sem eru ekki í minnihlutahópum í því þjóðfélagi sem kjörfjölskyldan býr í, eins og hvítir eru hér á Íslandi, geti ekki undirbúið börnin sín nægilega vel fyrir þá fordóma sem eru til staðar í þjóðfélaginu. Þegar börn af öðru þjóðerni eða kynþætti eru ættleidd er erfitt að fela það, þar sem það sést yfirleitt á útliti fólks. Það er því oft ekki möguleiki á því fyrir kjörforeldra að segja barni sínu ekki frá ættleiðingunni. Rannsóknir hafa þó sýnt að börn sem eru ættleidd inn í fjölskyldur af öðrum kynþætti og öðru þjóðerni aðlagast oftast vel að fjölskyldunni. Sum þeirra þjást þó út af því (Smith og Howard, 1999).

3. Undirbúningur og áhrif

Þúsundir barna með skilgreindar sérþarfir hafa verið ættleiddar. Aðlögun barns inn í fjölskyldu sem það hefur verið ættleitt til er alltaf flókin og vandasöm. Það fer þó eftir kjörbörnum og fjölskyldum hversu flókin og vandasöm aðlögunin er (Gibbs, Siebenaler og Barth, 2002). Rannsóknir sýna mismunandi niðurstöður á því hvernig gengur að aðlaga barn með skilgreindar sérþarfir að fjölskyldunni. Í þessum kafla er fjallað um mikilvægi góðs undirbúnings fyrir ættleiðingar og hvernig félagsráðgjafar geta hjálpað verðandi kjörforeldrum.

3.1 Undirbúningur fyrir ættleiðingu á barni með skilgreindar sérþarfir

Mikil áhersla hefur verið lögð á mikilvægi fræðslu fyrir verðandi kjörforeldra og heilbrigðisstarfsfólk um áhættu ættleiddra barna erlendis frá á að þróa með sér tilfinninga- og hegðunaryvandamál. Mikilvægt er að bregðast fljótt við tilfinninga- og hegðunarerfiðleikum barna. Mikilvægt er fyrir kjörforeldra og heilbrigðisstarfsmenn að vera vakandi fyrir einkennum sem benda til þessara vandamála, til að hægt sé að bregðast við þeim sem allra fyrst. Einkennin geta meðal annars verið erfiðleikar við myndun geðtengsla, sérstækir námserfiðleikar, lítil félagshæfni og einhverfu- og ofvirknilík einkenni. Börn sem kljást við þessi vandamál þurfa oft á tíðum þjónustu á sviði, heilbrigðis- menntunar- og félagskerfis og mikilvægt er að góð samvinna sé þar á milli til að sem bestur árangur náist í því að mæta þörfum barnanna (Málfríður Lorange o.fl., 2012).

Aðlögun barns með skilgreindar sérþarfir er misjafnlega vandasöm og erfið en þó er talið að því meiri sem sérþarfir kjörbarnsins séu, því erfiðari sé aðlögunin (Smith og Howard, 1999). Einnig skiptir máli hvernig sérþarfir barnið er með við ættleiðingu.

Rannsóknir hafa sýnt að fjölskyldur sem ættleiða börn með sérþarfir þurfa yfirleitt á meiri faglegrri aðstoð og ráðgjöf að halda í samband við tengslamyndun innan fjölskyldunnar en almennt er (Gibbs, Siebenaler og Barth, 2002). Ófullnægjandi stuðningur fyrir fjölskyldu sem ættleiðir barn með sérþarfir getur haft slæm áhrif á fjölskylduna. Vandamál eins og áfallastreituröskun, þunglyndi, og skilnaður hjá

kjörforeldrum geta komið upp. Þetta getur líka átt við þegar almenn ættleiðing á sér stað (Molinari o.fl. 2006).

Rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum (2004) sýndi að kjörforeldrar eru ánægðari með ættleiðingarferlið ef þau vita meira um sérþarfir barnsins sem þau ættleiða. Ættleiðingarferlið gengur betur fyrir sig þegar kjörforeldrar eru vel undirbúnir og þá verða þeir almennt ánægðari með útkomu ættleiðingarinnar. Það er því mikilvægt að undirbúa kjörforeldra vel áður en að ættleiðingin á sér stað og að þeir viti sem mest um sérþarfirnar sem barnið þeirra er með. Með meiri undirbúningi vita foreldrarnir hvaða hindranir geta komið upp á meðan á ættleiðingunni stendur eða eftir ættleiðinguna og vita þá hvað er best að gera að hverju sinni. Undirbúningurinn fyrir kjörforeldra sem eru að ættleiða börn með skilgreindar sérþarfir felst helst í því að hjálpa þeim að skilja sérþarfir barnanna og reyna að hjálpa þeim að átta sig á því hvernig þeim líður og hvað þau þurfa (Egbert og Lamont, 2004).

Talið er að því meiri sem undirbúningurinn er, því betri er tengslamyndunin á milli kjörbarnsins og kjörforeldra. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að ef barn upplifir ofbeldi og/eða vanrækslu fyrir ættleiðinguna og/eða kljáist við hegðunar- og tilfinningavandamál eru meiri líkur á vandamálum í tengslamyndun á milli kjörforeldris og barns (Egbert og Lamont, 2004).

Í rannsókn sem gerð var til að skoða hvenær foreldrar teldu að þeir væru búnir að undirbúa sig nógu fyrir ættleiðingu á barni með skilgreindar sérþarfir, kom í ljós að því meiri sem þekking og reynsla væntanlegra kjörforeldra var með börnum með skilgreindar sérþarfir, því betur undirbúin töldu þau sig vera. Einnig töldu eldri einstaklingar sig betur undirbúna fyrir ættleiðingu barns með skilgreindar sérþarfir en þeir yngri (Egbert og Lamont, 2004). Ef kjörbarnið er orðið nógu gamalt til að það átti sig á því hvað er að eiga sér stað í ættleiðingarferlinu er líka reynt að undirbúa það með að sýna því myndir af verðandi foreldrum, talað um foreldrana við það og svo framvegis (Smith og Howard, 1999; Douglas og Philpot, 2004).

3.2 Systkini kjörbarna með skilgreindar sérþarfir

Fjölskyldulíf hjá fjölskyldum sem ættleiða barn breytist alltaf við ættleiðingu og breytingarnar eru meiri ef barnið er með skilgreindar sérþarfir, þar sem það þarf í flestum tilfellum meiri aðstoð frá kjörforeldrum. Við komu kjörbarns inn á heimili

kjörfjölskyldu getur andrúmsloftið á heimilinu breyst. Ef önnur börn eru þar fyrir er hættu á því að þau fái minni athygli en áður og það getur skapað tilfinningaleg vandamál. Því þurfa foreldrar að vera vel undirbúnir fyrir ættleiðinguna og þau tilfinningalegu vandamál sem geta komið upp í kjölfarið hjá börnum þeirra (Ellen og Johnson, 1999).

Mikilvægt er að barn eða börn sem eru inni á heimilum fyrir ættleiðingu fái einnig góðan stuðning í gegnum breytingarnar sem verða í kjölfar hennar. Mikilvægt er að foreldrar viti hvaða styrkleika barn eða börnin sem eru inni á heimilum fyrir ættleiðingu hafa og mikilvægt er að barnið viti hvert það á að leita ef því líður illa. Einnig skiptir máli að foreldrar og aðrir aðstandendur geri sér grein fyrir mögulegum áhættuþáttum barnsins eða barnanna sem eru inni á heimilum fyrir ættleiðinguna svo hægt sé að fylgjast með og taka á vandamálum ef þau koma upp. Þetta ætti að auðvelda ættleiðingarferlið fyrir foreldrana og börnin sem eru inni á heimilum fyrir ættleiðinguna og undirbúa þau betur fyrir kjörbarnið og allar þær sérþarfir sem fylgja því (Ellen og Johnson, 1999).

3.3 Hlutverk félagsráðgjafa

Félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar sem starfa við ættleiðingarmál þurfa að vera foreldrum ættleiddra barna innan handar með viðeigandi ráðgjöf (Íslensk ættleiðing, 2007). Félagráðgjafar og aðrir fagaðilar geta hjálpað fjölskyldum að komast í gegnum allar hindranir sem koma upp við ættleiðingu. Þeir geta hjálpað með því að upplýsa væntanlega kjörforeldra vel um stöðu kjörbarns þeirra og uppruna áður en ættleiðingin á sér stað. Eins og fyrr var getið er best fyrir þá kjörforeldra sem ættleiða barn með skilgreindar sérþarfir að vita sem mest um hindranir barnsins og hvaða sérþarfir það hefur. Þá geta þeir undirbúið sig fyrir því ættleiðinguna og aflað sér nákvæmra upplýsinga um hindranirnar. Því nákvæmari sem þessar upplýsingar eru, því betri er undirbúningur kjörforeldranna (Smith og Howard, 1999; Douglas og Philpot, 2004). Börn sem eru í hættu á að þróa með sér erfiðleika sem tengjast þroska eða hegðun, þurfa að fá stuðning fljótlega eftir ættleiðingu, svo hægt sé að vinna úr þeim erfiðleikum á árangursríkan hátt (Íslensk ættleiðing, 2007). Félagráðgjafar eru oft starfsmenn

barnaverndarnefndar sem fer inn á heimili fólks, bæði fyrir og eftir ættleiðingu og metur stöðu kjörfjölskyldunnar (Reglugerð um ættleiðingar, nr. 238/2005).

Áður en væntanlegir kjörforeldrar fá leyfi til ættleiðingar fara félagsráðgjafar eða aðrir starfsmenn inn á heimili þeirra og meta aðstæður. Eftir ættleiðinguna þurfa félagsráðgjafar eða aðrir starfsmenn að hafa eftirlit með kjörfjölskyldunni og skrifa skýrslu til yfirvalda í því landi sem barn er ættleitt frá (Reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009). Það fer eftir landinu sem barnið er ættleitt frá hversu oft þetta er gert og með hvað löngu millibili. Stjórnvöld í Kína gera kröfur um sex eftirfylgniskýrslur, fyrsta skýrslan á að vera unnin mánuði eftir ættleiðinguna og sú síðasta fimm árum eftir ættleiðinguna (Íslensk ættleiðing, e.d.-b). Kjörforeldrar veigra sér oft við því að tala um þau vandamál sem komið hafa upp við þessa starfsmenn, því þeir vita að upplýsingarnar fara til yfirvalda erlendis. Þetta er eina eftirlitið sem haft er með börnum hér á landi (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013).

4. Alþjóðlegar ættleiðingar á Íslandi

Þegar fólk er að íhuga alþjóðlega ættleiðingu hér á landi er alltaf borinn undir það sá möguleiki að ættleiða barn með skilgreindar sérþarfir. Þess er þó gætt að þrýsta alls ekki á fólk (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013).

Á síðustu þrem áratugum hafa verið ættleidd til Íslands um 10 börn á hverju ári (Málfríður Lorange o.fl., 2012). Undanfarin ár hefur fjölgað ættleiðingum á börnum með skilgreindar sérþarfir hingað til lands. Stór hluti þeirra barna með sérþarfir sem ættleidd eru hingað til lands í dag er frá Kína (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013). Hér á eftir verður fjallað um fjölda barna með skilgreindar sérþarfir samanborið við fjölda barna sem eru ættleidd almennt hér á landi. Einnig verður gerð grein fyrir samstarfinu á milli Íslands og Kína vegna ættleiðinga á börnum með skilgreindar sérþarfir.

4.1 Fjöldi ættleiddra barna

Í dag eru fá börn sem eru fædd á Íslandi gefin til ættleiðingar. Helstu ástæður fyrir því eru að nýjar og betri getnaðarvarnir eru komnar á markaðinn, betri staða kvenna í samfélaginu og því meiri möguleikar fyrir ógiftar og einstæðar mæður (Símon J. Ágústsson, 1964; Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013). Börn eru mjög sjaldan tekin af foreldrum sínum hér á landi, þrátt fyrir vanrækslu eða slæma framkomu foreldris í formi ofbeldis gagnvart barni sínu, sem má oft rekja til vímuefnanotkunar. Það er frekar unnið með foreldrum og börnum til að reyna að bæta hag barnsins. Ef barn eða börn eru tekin af foreldrum er það yfirleitt aðeins tímabundið. Þegar foreldri hafa náð betri tökum á lífi sínu sínum fer barnið oftast aftur til þeirra (Anni G. Haugen, 2010). Á Íslandi voru á árunum 2002-2006 að meðaltali 7,8 börn frumættleidd á hverju ári innanlands en 28 börn á ári stjúpættleidd innanlands. Stór hluti ættleiðinga hér á landi eru stjúpættleiddingar (Hagstofa Íslands, 2007).

Á árunum 1990–2007 voru ættleidd 808 börn hér á landi bæði erlendis frá og innanlands. Rúmlega helmingur af ættleiðingunum voru frumættleiddingar eða 433 börn og tæplega helmingur voru stjúpættleiddingar eða 375 börn. Frumættleidd börn frá Íslandi voru 124 börn en 309 voru ættleidd erlendis frá. Á síðastliðnum árum hafa flestar ættleiðingar verið frá Kína, 105 stúlkur voru ættleiddar þaðan á árunum 2002 til 2007 og þrír drengir. Þar áður voru flest börn ættleidd frá Indlandi, frá árinu 1990 til 2007 voru 81

stúlka ættleidd þaðan og 48 drengir (Hagstofa Íslands, 2008). Á undanförunum árum hafa einnig margar ættleiðingar hingað til lands verið frá Tékklandi og Kólumbíu. Einnig hafa örfáar ættleiðingar átt sér stað frá öðrum löndum. Fyrir um það bil 40 árum voru helstu ættleiðingarnar frá Kóreu, Indónesíu, Gvatemala, Rúmeníu og Sri Lanka (Íslensk ættleiðing, e.d.-a). Flest þeirra barna sem ættleidd eru erlendis frá eru á aldrinum eins til tveggja ára þegar þau eru ættleidd en við ættleiðingu innanlands eru börn yfirleitt eldri, meira en helmingur er eldri en 18 ára (Hagstofa Íslands, 2008). Ástæðan fyrir því er líklegast mikill fjöldi stjúpættleiðinga hér á landi.

4.1.2 Börn með sérþarfir

Mörg börn hafa verið ættleidd hingað til lands með skilgreindar sérþarfir síðustu ár. Börn með skilgreindar sérþarfir hafa verið ættleidd frá Kólumbíu, Tékkland og fleiri löndum. Langalgengast er þó að börn með skilgreindar sérþarfir séu ættleidd frá Kína (Íslensk ættleiðing, e.d.-c).

Árið 2007 voru ættleidd hingað til lands 21 börn í heildina en 24% eða fimm þeirra voru með skilgreindar sérþarfir. Árið 2008 voru ættleidd hingað 13 börn erlendis frá og átta þeirra eða 62% voru börn með skilgreindar sérþarfir. Ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir árið 2009 voru fjórar og í heildina voru ættleiðingar það ár 14. Árið eftir voru mjög mörg börn með skilgreindar sérþarfir ættleidd hingað til lands miðað við heildarfjölda alþjóðlegra ættleiðinga hingað til lands það ár; 12 börn með skilgreindar sérþarfir voru ættleidd og í heildina voru ættleidd 18 börn alþjóðlega. Vel yfir helmingur alþjóðlegra ættleiðinga það ár var á börnum með skilgreindar sérþarfir eða um 70%. Árið 2011 voru ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir 37% af öllum ættleiðingum erlendis frá, árið 2012 voru 10 af 17 ættleiddum börnum með skilgreindar sérþarfir. Í mars 2013 höfðu tvö börn verið ættleidd hingað til land með skilgreindar sérþarfir en þrjú heilbrigð börn. Öll þau börn með sérþarfir sem hafa verið ættleidd hingað hafa komið frá Kína að einu barni undanskildu (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013).

Í töflu 1. hér að neðan má sjá þetta betur. Hér er skoðaður fjöldi barna sem eru alþjóðlega ættleidd í heildina ár hvert og svo börn sem eru ættleidd frá Kína með skilgreindar sérþarfir.

Tafla 1. Fjöldi ættleiddra barna með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar 2007-2013

Ár	Fjöldi barna með skilgreinda þörf frá Kína	Ættleidd börn alls (öll lönd)	Hlutfall barna með skilgreinda þörf frá Kína af heildarfjölda
2007	5	21	24%
2008	8	13	62%
2009	4	14	29%
2010	12	18	67%
2011	7	19	37%
2012	10	17	59%
2013	2	3 *	67%
Samtals	48	105	46%

* Upplýsingar eru frá mars 2013, þar af leiðandi voru líklega fleiri börn ættleidd það ár.

4.2 Lagaumhverfi ættleiðinga á Íslandi

Hér á landi er ekki gerður neinn munur á ættleiðingu á heilbrigðum börnum og börnum með skilgreindar sérþarfir í lögum og reglugerðum (Lög um ættleiðingar, nr. 130/1999). Þó hefur ættleiðingarnefnd hjá innanríkisráðneytinu lagt til að breytingar verði gerðar á því (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Öll alþjóðleg ættleiðing hér á landi fer í gegnum félagið Íslensk ættleiðing sem hefur löggildingu frá dómsmálaráðneytinu til að sjá um milligöngu á ættleiðingum barna (Innanríkisráðneytið, 2009). Þar sem öll þau börn sem eru ættleidd með skilgreindar sérþarfir koma að utan, fara öll þau mál í gegnum Íslenska ættleiðingu. Félagið hefur verið starfandi frá árinu 1978. Helstu verkefni þess felast í því að sjá um milligöngu um ættleiðingar hingað til lands í samstarfi við erlend stjórnvöld. Félagið veitir einnig upplýsingar um ættleiðingar og er með fræðslu- og félagsstarf fyrir félagsmenn (Íslensk ættleiðing, e.d.-b).

Kostnaður við ættleiðingu er mismundandi eftir löndum. Í öllum löndum þarf þó að greiða uppihald barnsins, lögfræðikostnað og dómskostnað. Yfirleitt fara væntanlegir kjörforeldrar sjálfir utan til að sækja kjörbarn sitt og þurfa sjálfir að borga allan kostnað við ferðalagið (Íslensk ættleiðing, e.d.-d). Hér á landi er það dómsmálaráðneytið sem veitir leyfi til ættleiðingar. Kröfur sem gerðar eru hér á landi til væntanlegra kjörforeldra af ráðneytinu eru þær að þeir séu á aldrinum 25–45 ára. Þeir þurfa að vera andlega og

líkamlega hraustir, ekki á sakaskrá, geta framfleytt fjölskyldunni á góðan máta, giftir þurfa að hafa verið í sambúð í ekki minna en þrjú ár og ógiftir ekki í minna en fimm ár. Heimilt er að leyfa einhleypum einstaklingi að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er talin barninu til hagsbóta (Lög um ættleiðingar, nr. 130/1999). Ekki er leyfilegt að ættleiða fleiri en eitt barn í einu, nema þegar að stjórnvöld gefa fyrirmæli um systkinaættleiðingu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Þegar sótt eru um leyfi til að ættleiða barn erlendis frá, þarf ættleiðingarskjal að fylgja umsókninni, þar sem fram þarf að koma að lögráð barns hafi verið fengin umsækjandanum og samþykki um að það verði ættleitt hér á landi frá dómsmálaráðneytinu að utan. Einnig þarf fæðingarvottorð barns að fylgja og heilsufarsskýrsla barns ef hún er fyrir hendi (Reglugerð um ættleiðingar, nr. 238/2005, 3. gr.).

Ekki er veitt leyfi til ættleiðingar barns hér á landi fyrr en að viðkomandi barnaverndarnefnd hefur kannað stöðuna á málefnum kjörbarns og væntanlegra kjörforeldra og gengið úr skugga um að ættleiðing sé barninu fyrir bestu (Lög um ættleiðingar, nr. 130/1999). Í umsögninni frá barnaverndarnefnd um ættleiðingu á barni erlendis frá á að koma fram skoðun nefndarinnar á því hvort að umsækjandi sé hæfur til að ættleiða barn frá öðru landi. Matið á hæfi umsækjanda þarf að vera ítarlega rökstutt. Fram þarf að koma hvort að umsækjendur uppfylli öll skilyrði sem eru sett á verðandi kjörforeldra, eins og áður var minnst á. Svo þarf að koma fram lýsing á því hvernig umsækjendur ætla að undirbúa sig fyrir komu barnsins til Íslands og hvernig eftirlitið er með börnum sem koma hingað til lands. Að lokum þarf að koma fram hvort að barnaverndarnefnd mælir með því að forsamþykki verði gefið út eða ekki (Reglugerð um ættleiðingar, nr. 238/2005, gr. 16 og 17).

Væntanlegir kjörforeldrar hér á landi eiga sama rétt á fæðingarorlofi og fæðingarstyrk og foreldrar sem fæða börn sjálf ef börnin eru ættleidd innan við átta ára aldur. Starfandi foreldrar eiga hvort um sig rétt á þrem mánuðum í fæðingarorlofi og einnig eiga þeir rétt á þremur sameiginlegum mánuðum sem annað hvort foreldrið getur nýtt sér eða þeir skipt því á milli sín. Kjörforeldrar sem ættleiða barn erlendis frá eiga rétt á því að fara í fæðingarorlof við upphaf ferðalagsins sem þau fara í til að sækja barnið, enda eru viðkomandi yfirvöld eða stofnun búin að samþykkja að barn verði ættleitt í upphaf ferðalagsins. Annars eiga kjörforeldrar rétt á fæðingarorlofi um leið og barn

kemur inn á heimilið. Foreldrar og kjörforeldrar sem eru í minna en 25% starfi eða utan vinnumarkaðar eiga hvort um sig rétt á fæðingarstyrk í fimm mánuði og svo tvo mánuði sem annað hvort foreldrið getur tekið. Ef kjörforeldri er í 75-100% námi á hann líka rétt á fæðingarstyrk við ættleiðingu á sama hátt og aðrir námsmenn sem eignast börn (Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000). Þegar barn er ættleitt erlendis frá af íslenskum ríkisborgara, sem á við í flestum tilfellum þegar ættleiðing á barni með skilgreindar sérþarfir á sér stað hér á landi, verður barnið íslenskur ríkisborgari við ættleiðingu ef það er yngra en 12 ára (Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952). Kjörforeldrum erlendra barna gefst kostur á því að sækja um ættleiðingarstyrk frá ríkissjóði, en styrkurinn er ein greiðsla upp á 480.000 krónur eftir að erlend ættleiðing hefur verið staðfest hér á landi eða leyfi hefur verið veitt fyrir ættleiðingunni (Lög um ættleiðingastyrk, nr. 152/2006).

4.3 Ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir frá Kína

Byrjað var að ættleiða börn með skilgreindar sérþarfir frá Kína árið 2000. Þá höfðu verið sett lög í Kína sem leyfðu ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir á milli landa. Slíkar ættleiðingar fara fram í gegnum *The China Center for Adoption Affairs (CCAA)*. Upplýsingar um sérþarfir og vandamál þessara barna er safnað af CCAA og unnið úr þeim. Þessar upplýsingar eru síðan gerðar aðgengilegar fyrir ættleiðingarstofur sem CCAA er í samstarfi við (Tan, Marfo og Dedrik, 2007).

Ástæðan fyrir því að Kína fór að auka áherslu á ættleiðingu á börnum með skilgreindar sérþarfir var að áður fóru öll börn með skilgreindar sérþarfir í Kína inn á stofnanir. Kína fylgdi þeirri stefnu að ættleiða einungis frá sér heilbrigð börn til annarra landa. Þegar farinn var að safnast upp mikill fjöldi barna með skilgreindar sérþarfir inn á stofnunum var farið að huga að því að reyna að láta ættleiða þennan hóp barna (Selman, 2010). *The China Center of Adoption Affairs (CCAA)* byrjaði að leyfa ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir hingað til lands árið 2007. Það var ekki fyrr en árið 2007 sem fyrstu börnin með skilgreindar sérþarfir voru ættleidd til Íslands (HCCH, 2010).

Í flestum tilfellum eru það hjón eða pör sem ættleiða barn með skilgreindar sérþarfir, stundum einstæðir, en ekki er farið að leyfa ættleiðingar samkynhneigðra í

þeim löndum sem Ísland er í samvinnu við. Einstæðir foreldrar sem vilja ættleiða geta einungis ættleitt barn með skilgreindar sérþarfir hingað til lands frá Kína (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Þegar fólk ákveður að ættleiða barn með skilgreindar sérþarfir hér á landi í gegnum CCAA þurfa þau að skrá sig á sérstakan biðlista hjá Íslenskri ættleiðingu sem er aðeins fyrir börn með skilgreindar sérþarfir. Á umsókninni geta umsækjendur valið um sérþarfir sem henta best fyrir þeirra fjölskyldu. Þetta er mjög langur listi, þar sem hægt er að velja á milli svarmöguleikanna já og nei við hverja sérþörf. Á umsókninni þarf líka að koma nákvæmlega fram aldur þess barns sem væntanlegir kjörforeldrar vilja ættleiða (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013). Þegar fólk sækir um að ættleiða barn með skilgreindar sérþarfir, gilda sömu lög og þegar verið að ættleiða börn án sérþarfa. Þegar börn eru ættleidd erlendis frá þá þarf að fá forsamþykki frá ráðneytinu um að foreldrarnir megi ættleiða viðkomandi barn, eins og kom fram í kaflanum hér á undan um ættleiðingarlög (Lög um ættleiðingar, nr. 130/1999). Þegar foreldrarnir hafa fengið leyfi frá barnavernd og ráðneytinu þá eru þeir komin á lista hjá Íslenskri ættleiðingu og talið að ættleiðingarferlið sé hafið. Þegar fólk er komið á þennan lista reyna starfsmenn Íslenskrar ættleiðingar að finna barn sem hentar þeirra óskum (Íslensk ættleiðing, 2006).

Á heimasíðu CCAA birtast reglulega listar yfir börn með skilgreindar sérþarfir sem kemur til greina að ættleiða. Öll ættleiðingafélög sem CCAA er í samstarfi við hafa aðgang að þessum listum og til að tryggja sem mesta jafnræði á milli ættleiðingarfélaga lætur CCAA þau vita með ákveðnum fyrirvara hvenær búast megi við nýjum lista. Ættleiðingarfélög sem hafa aðgang að þessum listum þurfa í kjölfarið tryggja að fulltrúar eða starfsmenn þeirra fari yfir þessa lista um leið og þeir berast. Þetta þarf að ganga hratt fyrir sig, þar sem að augnablik geta skipt máli upp á það að ná barni sem gæti hentað væntanlegum kjörforeldrum. Þegar barn finnst á listanum sem gæti átt við óskir einhverra kjörforeldra, þarf að frysta aðgang að því barni í 72 klukkustundir. Á þessum 72 klukkustundum þarf að vinna að mörgu. Þar á meðal þarf að bera ástand barnsins undir lækna og væntanlega kjörforeldra og fá skýrt fram vilja væntanlegra kjörforeldra (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013).

Gestur Pálsson barnalæknir er í nánú sambandi við Íslenska ættleiðingu og sér um það að meta börn út frá þeim skýrslum sem fylgja barninu að utan. Hann hefur gegnt

stóru hlutverki í því að ættleiðing á börnum með skilgreindar sérþarfir hefur getað átt sér stað. Hann sér til þess að meta stöðu barnanna út frá skýrslum hvenær sem er vikunnar. Hann setur fram sitt læknisfræðilega álit á ástandi barnsins, sem er oftast frekar vandasamt verkefni, þar sem börnin glíma oft við margþætta erfiðleika. Þessir erfiðleikar kalla oft á samstarf og samráð margra sérfræðinga á mörgum sviðum læknisfræðinnar sem erfitt er að gera á svona stuttum tíma. Gestur Pálson sér til þess að sérfræðingur á því sviði sem á við, gefi sitt álit á stöðu barnsins innan þessara 72 tíma (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Það hefur komið fyrir hér á landi að lækningar hafa mælt gegn ættleiðingu og hún því ekki verið samþykkt. Eftir að lækningar hafa lýst afstöðu sinni til ástands barns, hefur Íslensk ættleiðing tilkynnt viðkomandi umsækjendum um hana. Þegar lækningar hafa mælt gegn því að barn verði ættleitt er það yfirleitt út af því að þeir telja vafasamt að barnið lifi ferðalagið af eða vegna þess að barnið þarf að fara í lífsnauðsynlega aðgerð sem tvísýnt er um að takist (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013).

Eftir að vera búin að fá leyfi læknis fyrir ættleiðingu barns hingað til lands, þarf að ræða við foreldrana. Þeir fá tíma til að skoða allar upplýsingar um barnið og vega og meta stöðuna í einrúmi án nokkurs þrýstings utanaðkomandi. Forðast er að sýna foreldrum mynd af barninu áður en ákvörðun liggur fyrir, svo skynsemin fái að ráða frekar en tilfinningar (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013).

Ef foreldrar samþykkja svo barnið og ekkert annað stendur í vegi fyrir ættleiðingunni, staðfestir Íslensk ættleiðing valið á vefsíðu CCAA. Starfsmenn Íslenskar ættleiðingar færa svo inn nafn væntanlegra kjörforeldra og stutta lýsingu á þeirri athugun sem átti sér stað. Innan 14 daga fær Íslensk ættleiðing síðan bráðabirgðastaðfestingu á ættleiðingunni frá Kína. Innan 30 daga fær hún síðan endanlega staðfestingu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Væntanlegir kjörforeldrar þurfa í framhaldinu að senda út upplýsingar um sig og hvaða læknisfræðilega meðferð barnið muni fá. Ef yfirvöld í Kína eru ekki sammála stefnu foreldranna óska þau eftir betri lausn. Foreldrarnir fá annað tækifæri til að senda út upplýsingar. Eftir að stjórnvöld úti og foreldrarnir hafa komist að samkomulagi um læknisfræðilega meðferð á barninu, ættu foreldrarnir að geta farið út fljótlega og sótt barnið. Þau eru yfirleitt úti í tvær vikur. Um leið og foreldrar hafa skrifað undir ættleiðinguna úti er barnið orðið þeirra og á ábyrgð íslenska ríkisins. Það hefur komið fyrir að foreldrar hafa hætt við að ættleiða barn þegar

út er komið, ef upplýsingar reynast ekki hafa verið réttar eða ef barni hefur hrakað mikið. Kristinn Ingvarsson telur þó að upplýsingar frá Kína gefi nær alltaf góða mynd af stöðunni og að þeim megi treysta (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013). Enn sem komið er hafa kínversk yfirvöld ekki hafnað staðfestingu á ættleiðingu hingað til lands sem fylgt hefur þessum verkferlum (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Eftir að heim er komið er misjafnt hvað eftirlitið er mikið. Það fer eftir löndum hversu mikils eftirlits stjórnvöld krefjast. Ætlast er til þess í Kína að sendar verði sex skýrslur til þeirra eftir að barnið er komið hingað til lands (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013).

4.4 Námskeið og stuðningur hér á landi

Hér á landi er þrjú undirbúningsnámskeið á vegum Íslenskrar ættleiðingar. Það er undirbúningsnámskeið fyrir væntanlega kjörforeldra, námskeið um umönnun ungra barna og svo ferðanámskeið. Þessi námskeið eru ætluð fyrir væntanlega kjörforeldra alþjóðlegrar ættleiðingar. Undirbúningsnámskeiðið er skyldunámskeið fyrir væntanlega kjörforeldra samkvæmt reglugerð dómsmálaráðneytis (Reglugerð um ættleiðingar, nr. 238/2005, 20. gr.). Þetta er námskeið til að undirbúa væntanlega kjörforeldra fyrir ættleiðinguna svo þeir viti fyrirfram hvað þeir eru að fara út í og hversu vandasamt það er að ættleiða barn erlendis frá. Með undirbúningsnámskeiðinu er reynt að svara spurningum eins og: Er ættleiðing fyrir mig? Hvaða ábyrgð fylgir því að vera kjörforeldri? Best er að sækja þetta námskeið í byrjun ættleiðingarferlis. Námskeiðið um umönnun ungabarna gegnir því hlutverki að upplýsa foreldra um umönnun ungabarna, hvað þeir þurfi að gera fyrir ungabörn eftir ættleiðinguna. Einnig eru veittar upplýsingar um hvað er best að gera á ferðalaginu heim eftir að barnið er sótt, því mörg af þessum börnum hafa aldrei farið út fyrir dyr barnaheimilisins. Þetta námskeið er fyrir fólk sem er komið framarlega á biðlista ættleiðingar. Ferðanámskeiðið er líka námskeið um ferðalagið sjálft en þá er frekar einblínt á það land sem væntanlegir kjörforeldrar eru að ættleiða frá. Það er fjallað um gjaldeyrismál, hvað skal taka með sér, hvað þarf að forðast og svo framvegis (Íslensk ættleiðing, e.d.-e). Reynt að láta verðandi kjörforeldra hitta kjörforeldra sem

hafa ættleitt í sama héraði og svipað gamalt barn til að fá reynslusögur (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 19. mars 2013).

Umræða

Eftir að hafa aflað mér upplýsinga um ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir, þá hef ég komist að því að stór hluti þeirra barna sem eru alþjóðlega ættleidd hingað til lands eru með skilgreindar sérþarfir. Flest ættleidd börn með skilgreindar sérþarfir koma frá Kína. Það var ekki fyrr en árið 2007 sem Ísland hóf samstarf við CCAA og í kjölfarið var byrjað að leyfa ættleiðingar á börnum af sérþarfallista CCAA hingað til lands frá Kína. Börn sem eru ættleidd hingað til lands eru sjaldan með alvarlegar sérþarfir. Yfirleitt er hægt að laga það með einni eða nokkrum aðgerðum. Mjög algengt er að verðandi kjörforeldra kjósi að ættleiða barn með skilgreinda sérþörf af sérþarfallista CCAA (waiting child program) hér á landi vegna þess að biðtíminn er styttri eftir þessum börnum en eftir heilbrigðum börnum. Einnig geta þau valið hvaða sérþarfir þau treysta sér í og á hvaða aldri þau vilja að barnið sé. Rannsóknir hafa sýnt að kjörbörn með skilgreindar sérþarfir aðlaðist betur kjörfjölskyldu sinni ef undirbúningur fyrir ættleiðinguna er góður. Mikilvægt er að kjörforeldrar viti nákvæmlega hvaða sérþarfir kjörbarnið er með svo þeir geti undirbúið sig undir ættleiðinguna. Utanaðkomandi aðstoð, eins og til dæmis frá félagsráðgjafa eða fjölskyldu, er einnig talin hafa jákvæð áhrif á niðurstöður ættleiðingar.

Við gerð ritgerðarinnar kom í ljós að ekki var byrjað að huga að ættleiðingum á börnum með skilgreindar sérþarfir fyrr en fyrir um það bil 50 árum. Áður höfðu börn með sérþarfir verið inni á stofnunum og talið að þau væri óættleiðingarhæf. Í dag er mikið orðið um sérþarfaættleiðingar og þá sérstaklega frá Kína.

Lokaorð

Í upphafi þessarar fræðilegu ritgerðar kom fram áhugi höfundar á því að skoða hvaða ástæður lægju að baki ættleiðingar á börnum með skilgreindar sérþarfir og hvaða undirbúningur væri mikilvægur.

Börn sem falla undir þá skilgreiningu að vera með sérþarfir í ættleiðingu, eru börn sem kljást við meiri vandamál en önnur börn sem gefin eru til ættleiðingar. Vandamálin sem þau eiga við að stríða geta verið mörg og mismunandi alvarleg. Sum hafa fleiri en eitt vandamál en hjá öðrum eru þau léttvægari. Það sem veldur því að börn eru skilgreind með sérþarfir í ættleiðingum er því það að þau eru talin frábrugðin því sem er algengast. Sérþarfir sem valda því að börn falla undir sérarfalista geta verið ýmsar fatlanir; andlegar, líkamlegar eða tilfinningalegar. Einnig eru börn sem eru eldri og börn sem eru ættleidd ásamt systkini eða systkinum talin vera með sérþarfir. Börn sem talin eru eiga það á hættu á að þróa með sér veikindi vegna erfða eru einnig stundum flokkuð undir það að vera með sérþarfir í ættleiðingum. Í sumum löndum hafa börn af öðrum kynþætti verið talin vera með sérþarfir en þetta á sjaldan við í dag.

Mörg börn með skilgreindar sérþarfir hafa verið ættleidd hingað til lands á undanförnum árum. Stór hluti þeirra barna sem eru alþjóðlega ættleidd hingað til lands er með skilgreindar sérþarfir. Hlutfallið er þó breytilegt á milli ára. Árið 2010, voru til dæmis 70% þeirra barna sem ættleidd voru hingað til lands með skilgreindar sérþarfir. Árið þar á eftir (2011) voru þau aftur á móti einungis 37%.

Á Íslandi hafa flest börn með skilgreindar sérþarfir verið ættleidd frá Kína á undanförnum árum. Íslensk ættleiðing og The China Center for Adoption Affairs (CCAA) eru með sérstakt samstarf, þar sem Ísland hefur aðgang að sérþarfalista þeirra. Þar sem mjög löng bið er eftir því að ættleiða heilbrigt barn hér á landi, er mikil aukning á ættleiðingum á börnum með sérþarfir. Fjölskyldur sem vilja ættleiða börn með skilgreindar sérþarfir af sérþarfalista CCAA geta valið þær sérþarfir sem þær treysta sér í og af hvaða kyni og á hvaða aldri barnið á að vera. Þegar barn finnst sem hentar óskum foreldrana, þá þarf margt að gerast á stuttum tíma. Kjörforeldrarnir fá einungis 72 tíma til að ákveða sig. Innan þessara tímamarka þarf að bera sérþarfir og ástand barnsins undir íslenskan lækni og ef til vill undir fleiri sérfræðinga, t.d. hvort að barnið muni lifa ferðalagið hingað til lands af og hvort hægt sé að hjálpa barninu eins og þörf er á.

Áður en að kjörforeldrar fá að ættleiða barn þurfa þeir að sækja undirbúningsnámskeið á vegum Íslenskrar ættleiðingar. Einnig þurfa þeir af fá forsamþykki frá ráðneytinu um leyfi til þess að ættleiða barn af sérþarfalista CCAA. Þetta er gert áður en kjörforeldrunum er úthlutað barni svo allt gangi hraðar fyrir sig á þeim 72 tímum sem þeir hafa til að ákveða hvort þeir vilji barnið sem þeim var úthlutað eða ekki.

Til að fá forsamþykki þurfa umsóknaraðilar að skila inn umsókn með ýmsum upplýsingum um sig og kjörbarnið. Undanþága er þó gerð þegar börn eru ættleidd af sérþarfalista CCAA, þar sem upplýsingar um kjörbarnið fást svo seint að ekki gefst tími til að vinna einnig í því á þessum 72 tímum. Áður en kjörforeldrar geta fengið forsamþykki þurfa þeir þó að vera búnir að fá samþykki frá barnaverndarnefnd.

Talið er að með góðum undirbúningi fyrir ættleiðingu og stuðning frá sérfræðingum, vinum og ættingjum eigi ættleiðing að ganga vel fyrir sig, þrátt fyrir þá erfiðleika sem börn með skilgreindar sérþarfir geta komið með inn á heimilið. Mikilvægt er fyrir kjörforeldra að þeir séu vel undirbúnir fyrir þær sérþarfir sem kjörbarn þeirra stríðir við, svo allt gangi betur fyrir sig. Ef fleiri börn eru til staðar inni á heimilinu fyrir ættleiðinguna er mikilvægt að hugsa vel um tilfinningar þeirra.

Heimildaskrá

- Babb, L. A. og Laws, R. (1997). *Adopting and Advocating for the Special Needs Child: A Guide for Parent and Professionals*. Westport: Greenwood Publishing Group.
- Brown, A. C. (2009). International adoption law: A comparative analysis [rafræn útgáfa]. *The International Lawyer*, 43, 1337-1365.
- Burge, P., & Jamieson, M. (2009). Gaining balance: Toward a grounded theory of the decision-making processes of applicants for adoption of children with and without disabilities [rafræn útgáfa]. *The Qualitative Report*, 14, 566-603.
- Clark, P., Thigpen, S. og Amy, M. Y. (2006). Intergrating the older/special needs adoptive child into the family [rafræn útgáfa]. *Journal of Marital and Family Therapy*, 32, 181-94.
- Cohen, N. J. og Farnia, F. (2011). Social-emotional adjustment and attachment in children adopted from china: Processes and predictors of change [rafræn útgáfa]. *International Journal of Behavioral Development*, 35, 67-77.
- Denby, R. W., Alford, A. D. og Ayala, J. (2011). The journey to adopt a child who has special needs: Parents perspectives [rafræn útgáfa]. *Children and Youth Services Review*, 33, 1543-1554.
- Douglas, A. og Philpot, T. (ritstjórar). (2004). *Adoption: Changing Families, Changing Times*. New York: Routledge.
- Egbert, S. og Lamont, E. (2004). Factors contributing to preparation for special needs adoption [rafræn útgáfa]. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 21, 593-609.
- Ellen, S. M. og Johnson, L. (1999). The role of birth/previously adopted children in families choosing to adopt children with special needs [rafræn útgáfa]. *Child Welfare*, 78, 579-91.
- Flynn, C. C. Og Wright, L. (2006). Adolescent adoption: Success despite challenges [rafræn útgáfa]. *Children and Youth Services Review*, 28, 487-510.
- Hagstofa Íslands. (2008). *Ættleiðingar 1990-2007*. Sótt 4. mars 2013 af <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=8739>
- Hagstofa Íslands. (2007). *Ættleiðingar eftir gerð ættleiðingar og fæðingarlandi 1996-2006*. Sótt 19. mars 2013 af <http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN07502%26ti=%C6ttlei%F0ingar+eftir+ger%F0+%E6ttlei%F0ingar+og+f%E6%F0ingarlandi+1996%2D2006++++%26path=../Database/mannfjoldi/Fjolskyldan/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>
- Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Ættleiðing erlendra barna á Íslandi: Aðlögun og samskipti í fjölskyldum og leikskólum. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls. 67-75). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

- Hrefna Friðriksdóttir. (2011, mars). *Ættleiðingar á Íslandi - í þágu hagsmuna barns*. Sótt 18. janúar 2013 af http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/aettleiðingar_15.03.11.pdf
- Innanríkisráðneytið. (2009, mars). *Upplýsingar um ættleiðingar og ættleiðingarfélög*. Sótt 5. febrúar 2014 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleiðingar/upplýsingar/nr/6716>
- Íslensk ættleiðing. (2007). International adoption: Background of children and parents. Sótt 12. Febrúar 2013 af <http://www.isadopt.is/index.php?a=222>.
- Íslensk ættleiðing. (2006). *Ættleiðing barna frá Kína með sérþarfir*. Sótt 20. febrúar 2014 af <http://www.isadopt.is/is/moya/news/aettleiðingar-barna-fra-kina-med-sertharfir-1>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-a). *Ættleiðingar*. Sótt 4. apríl 2014 af <http://old.isadopt.is/index.php?p=aettleid>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-b). *Eftirfylgni-Kína*. Sótt 21. febrúar 2014 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=fraedsla>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-c) *Samstarfslönd íslenskrar ættleiðingar*. Sótt. 4.apríl 2014 af <http://www.isadopt.is/is/lond>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-d). *Löndin*. Sótt 2.febrúar 2013 af <http://old.isadopt.is/index.php?p=londin>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-e). *Undirbúningsnámskeið-er ættleiðing fyrir mig?* Sótt 10. mars 2014 af <http://www.isadopt.is/is/moya/news/undirbuningsnamskeid-fyrir-umsaekjendur>
- Kreider, R. M. og Cohen, P. N. (2009). Disability among internationally adopted children in the united states [rafræn útgáfa]. *Pediatrics*, 124, 1311 -1318.
- Laraine, M. G. (2000). Adopting children with developmental disabilities: A long-term perspective [rafræn útgáfa]. *Family Relations*, 49, 397-405.
- Leung, P., Erich, S., og Kanenberg, H. (2005). A comparison of family functioning in Gay/Lesbian, heterosexual and special needs adoptions [rafræn útgáfa]. *Children and Youth Services Review*, 27, 1031-1044.
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.
- Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.
- Lög um ættleiðingar, nr. 130/1999.
- Lög um ættleiðingastyrk, nr. 152/2006.
- Málfríður Lorange, Kristín Kristmundsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Björg Sigríður Hermannsdóttir, Linda Björk Oddsdóttir og Dagbjörg B. Sigurðardóttir. (2012). Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá [rafræn útgáfa]. *Læknablaðið*, 98, 19-23.
- Miller, L. C. (2005). *The Handbook of International Adoption Medicine: Guide for Physicians, Parents, and Providers*. New York: Oxford University Press.

- Miller, L. C. og Hendrie, N. W. (2000). Health of children adopted from China [rafræn útgáfa]. *Pediatrics*, 105, 76-82.
- Molinari, D. L. og Freeborn, D. (2006). Social support needs of families adopting special needs children [rafræn útgáfa]. *Journal of Psychosocial nursing and Mental Health Service*, 44, 28-34.
- Pati, J. (ritstjóri). (2007). *Adoption: Global Perspectives and Ethical Issues*. New Delhi: Concept Publishing Company.
- Reglugerð um ættleiðingar, nr. 238/2005.
- Reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009
- Schweiger, W. K. og O'Brien, M. (2005). Special needs adoption: An ecological systems approach [rafræn útgáfa]. *Family Relations*, 54, 512-522.
- Sigrún María Kristinsdóttir. (2009). *Óskabörn*. Reykjavík: Salka.
- Símon J. Ágústsson. (1964). *Um ættleiðingu*. Reykjavík: Almenna bókarfélagið.
- Smith, S. H. og Howard, J. A. (1999). *Promoting Successful Adoption: Practice with Troubled Families*. London: Sage Publications.
- Smith, S. L. (2010). *Keeping the promise: The critical need for post-adoption services to enable children and families to succeed*. New York: Even B. Donaldson adoption institute.
- United Nations (2010). *Guidelines for improving data on child adoption*. New York: United Nations.